

# Skýrsla stjórnar hjúkrunarráðs Landspítala 2002-2003

Gyða Baldursdóttir hjúkrunarfræðingur  
formaður hjúkrunarráðs  
-aðalfundur hjúkrunarráðs 9. október 2003

Fundarstjóri, góðir fundarmenn!

Nú má segja að sameining Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur sé langt komin, ytri þáttum s.s. sameiningu deilda að mestu lokið og menn í auknum mæli farnir að snúa sér að innra starfi spítalans. Þessa sést einnig stað í störfum hjúkrunarráðs, þar sem aðkoma stjórnar á starfsárinu endurspeglast í verkefnum er lúta innra starfi s.s. verklagi og vinnuferlum ýmiss konar.

Stjórn hjúkrunarráðs hefur á síðasta starfsári verið skipuð eftirfarandi hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum auk formanns sem hér stendur:

Lovísu Baldursdóttur varaformanni

Helgu Sigurðardóttur ritara

Ólöfu Másdóttur fulltrúa öldrunarsviðs

Huldu Bergvinsdóttur fulltrúa endurhæfingarsviðs

Ingu Guðbjartsdóttur fulltrúa skurðlækningasviðs

Sigrúnu Þóroddsdóttur fulltrúa barnasviðs

Unni Friðriksdóttur fulltrúa kvennasviðs

Elsu Vilbergsdóttur fulltrúa svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusviðs

Christer Magnusson fulltrúa hjúkrunarfræðinga sem starfa utan sviða

Ester Sigurbergsdóttur fulltrúa lyflækningasviðs I

Svandísi Matthíasdóttur fulltrúa lyflækningasviðs II

Diönu Liz Franksdóttur fulltrúa geðsviðs og

Bryndísi Guðjónsdóttur fulltrúa slysa- og bráðasviðs

Stjórnin hefur haldið 17 fundi en til viðbótar hafa formaður og varaformaður hist óformlega vegna einstakra mála. Verkefnin eru af ýmsum toga og skal helstu þeirra getið hér.

Af málum sem fyrri stjórn hafði afskipti af og eru enn í gangi ber að nefna seta formanns í ferliverkanefnd. Umræður um ferliverk voru talsvert fyrirferðamikil á stjórnarfundum hjúkrunarráðs allt árið 2002 vegna langvarandi og vaxandi óánægju hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra með hvernig þau mál höfðu þróast hér á stofnuninni. Ákvörðun stjórnarnefndar þann 17. desember 2002 þar sem samþykkt var einróma að leggja niður það greiðsluferfi sem notað var fyrir ferliverkavinnu, setti þau mál í annan farveg. Það var álit stjórnar að við núverandi aðstæður hafi sú ákvörðun stjórnarnefndar verið mjög farsæl og til þess fallin að jafna stöðu starfsmanna og eyða óánægju. Ferliverkanefndin hefur þó starfað áfram og hefur ekki enn skilað lokaskýrslu. Hefur starf hennar nú aðallega snúist um hvernig uppbyggingu göngudeildarstarfsemi spítalans verði best fyrir komið. Þar hefur verið í talsvert mörg horn að líta, en mikilvægt er að komast að niðurstöðu og auka og efla göngudeildarstarfsemi þar sem hjúkrunarfræðingar og ljósmæður koma að með skýrum og öflugum hætti. Nú hillir loks undir að nefndarstörfum ferliverkanefndar fari að ljúka með gerð lokaskýrslu.

Fyrri stjórn hóf umræðu um að standa þyrfti betur að útskriftum sjúklinga og á sl. ári óskaði hún eftir samstarfi við læknafræðingum um að koma þeim málum í betri farveg. Ekki reyndist þá áhugi fyrir slíku samstarfi. Við létum þó ekki þar við sitja og nú má segja að það mál sé komið á nokkurn skrið þar sem stofnuð hefur verið þverfagleg nefnd sem ætlað er að fara yfir hvernig staðið er að útskriftum hér á sjúkrahúsinu og hvort og þá hvernig úrbóta er þörf.

Stjórn hjúkrunarráðs hefur á nokkrum fundum sínum fjallað um hvernig gera megi hjúkrunarráð sýnilegra og vekja megi hinn almenna hjúkrunarfræðing og ljósmóður til vitundar um tilvist ráðsins og hlutverk þess. Ýmsar hugmyndir hafa sprottið upp. Sú fyrsta var að auka tengslin í gegnum net spítalans. Í því skyni óskaði formaður eftir aðstoð tölvudeildar þannig að hægt yrði að hafa samband við alla meðlimi ráðsins í gegnum netið. Eftir talsvert miklar skoðanir þeirra og vangaveltur ýmiss konar reyndust þeir ekki geta hjálpað okkur með þetta mál að sinni. Það bíður því betri tíma. Eitt af því sem við komumst að við athugun á þessu að enn vantar talsvert upp á að allir hjúkrunarfræðingar og ljósmæður hafi pósthaf. Vil ég því nota þetta tækifæri og brýna fyrir öllum í hjúkrunarráði að sækja um pósthaf og bið fundarmenn um að hvetja þá samstarfsmenn sína sem enn hafa ekki pósthaf að sækja um slíkt. Mér er ljóst að aðgangur manna að tölvu hér á spítalanum er mjög misjafn, en tölvur eru verkfæri sem eru komin til að vera og þeim mun fjölga. Þá er betra að undirbúa sig og vera með pósthaf til þess m.a. að hægt verði í framtíðinni að ná til allra í hjúkrunarráði rafrænt þótt það hafi ekki tekist í fyrstu atrennu. Þar sem ekki gekk með pósthaf til að sinni, snerum við okkur því að fá hjálp við að búa til heimasíðu hjúkrunarráðs. Hingað til hefur hjúkrunarráð verið hlekkur inni á síðu hjúkrunar spítalans, en ýmsum þykir leiðin að hjúkrunarráði þar heldur löng og upplýsingarnar um það takmarkaðar á vefnum, en þar eru nú auk starfsreglna og upplýsingar um stjórn, upplýsingar um hvernig sækja skuli um stjórnunarstöðu og fundargerðir stjórnar. Mér er það því sönn ánægja að greina frá því að með hjálp Jón Baldvins Halldórssonar upplýsingafulltrúa og Björn Guðmundssonar í gagnasmiðju er heimasíða hjúkrunarráðs nú nánast tilbúin. Þar mun auk þess sem áður er nefnt verða hægt að skoða bréf, ályktanir og umsagnir sem stjórnin sendir frá sér en einnig verður þar reitur þar sem meðlimum hjúkrunarráðs gefst tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum sínum/vangaveltum. Þá verður þar vakin athygli á því sem hjúkrunarráðið stendur fyrir s.s. fræðslustarfinu. Það er von stjórnar að ný heimasíða gefi hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum spítalans aukin tækifæri til að fylgjast með störfum stjórnar en verði einnig vettvangur til að koma málum sínum á framfæri.

Stjórn hjúkrunarráðs var beðin um að gefa umsögn um tvær skýrslur sem unnar hafa verið af starfsmönnum spítalans. Ber þar fyrst að nefna skýrslu um óhefðbundna meðferð sem unnin var af 5 hjúkrunarfræðingum á árinu 2001 og 2002. Um er að ræða einstaklega vandaða skýrslu sem varpaði nokkru ljósi á stöðu óhefðbundinna meðferða á Landspítala - háskólasjúkrahúsi og var stjórnin sammála um að tillögur vinnuhópsins væri góður leiðarvísir að fara eftir.

Hins vegar var um skýrslu nefndar á vegum hjúkrunar- og lækingaforstjóra um stofnun þverfaglegar verkjamiðstöðvar að ræða. Stjórn hjúkrunarráðs fagnaði því að nú væri stofnun þverfaglegar verkjamiðstöðvar í farvatninu og telur það í raun löngu tímabært. Ekki þarf að tíunda hér hve glíman við verki er oft erfið og hlutverk hjúkrunarfræðinga við að meta og stilla verki stórt og á stundum að manni finnst óleysanlegt. Í þessu sambandi má geta þess að í tilefni af Evrópuvikunni um verki 12.-19. október er hvatt til átaksverkefna í tengslum við bættu verkjameðferð. Átakið í ár á Íslandi snýst um bætt mat og skráningu verkja og hefur Anna Gyða Gunnlaugsdóttir hjúkrunarfræðingur í verkjateymi frumkvæði að þessu átaki hér í samvinnu við

aðra hjúkrunarfræðinga og felst það í fræðsludegi um verki þann 17. október undir kjörorðinu "verkir 5. lífsmarkið". Með því skal undirstrikað að á eftir þeim 4 lífsmarkamælingum sem allir þekkja og finnst eðlilegt að athuga hjá hverjum sjúklingi þ.e. blóðþrýstingi, púls, hita og öndun, sé aflað upplýsinga um verki.

Styrkur verkja hefur verið nefndur 5. lífsmarkið og nú skal hvatt til mats og skráningar á verkjum því eins og allir vita er mat á verkjum lykillinn að meðferðinni. Vil ég eindregið hvetja hjúkrunarfræðinga til að taka þessari áskorun.

Stjórn hjúkrunarráðs barst til að eyrna í lok síðasta árs að við endurskipulagningu á skrifstofu kennslu vísinda og þróunar stæði til að leggja niður fræðasvið hjúkrunar. Forstjóra var þá ritað bréf og því mótmælt og fyrir því færð nokkur rök. Í skipulagsbreytingunum sem þá urðu var síðan hætt við að fella fræðasvið hjúkrunar niður og fögnum við farsælum málalyktum.

Gæðamál og öryggi sjúklinga ásamt mistökum, nær miðstökum og skráningu á þeim var umfjöllunarefni stjórnar á árinu. Tökum við undir áhyggjur starfsmanna gæðadeildar að lakleg skráning atvika á spítalanum er til vansa og hana þarf að bæta. Menn eru margir hverjir sammála um að hana þurfi að bæta frá báðum endum ef svo má segja,- kynna þarf betur hvað er atvik eða nær atvik til þess að mönnum sé gert ljóst hvað á að skrá og hvað ekki. Þá þurfa aðilar máls að fá að vita hvað er að gerast eða hefur gerst á þeirra deild/sviði/einingu til hægt verði að bæta úr. Menn þurfa síðan að taka sig á varðandi skráninguna sjálfa en hana þarf að gera auðveldla og aðgengilega. Talsvert starf hefur nú þegar verið unnið í því af deild gæðamála. Hér á eftir mun síðan Laura Sch Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur af deild gæðamála kynna ýmis mál þessu tengt frekar.

Anna Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri bauð formanni hjúkrunarráðs að sitja fundi sem hún átti ásamt Lilju Stefánsdóttur aðstoðarhjúkrunarforstjóra með hjúkrunardeildarstjórum spítalans. Þarna var alls um 9 fundi að ræða, einn með hverju sviði spítalans. Þetta voru mjög skemmtilegir og öflugir fundir þar sem deildarstjórar gátu komið á framfæri sinni sýn á spítalastarfið hvað gengi vel og hvar þyrfti úrbætur. Ýmislegt sem þar kom fram hefur þegar verið tekið fyrir og hrint eða verið að hrinda í framkvæmd.

Í byrjun þessa árs kom til umræðu að í bígerð væri að ráða í starf fulltrúa sjúklinga. Af því tilefni þótti stjórn hjúkrunarráðs brýnt að koma til skila því álitu að til þessa starfs réðist einstaklingur með innsýn og ekki síður yfirsýn yfir starfsemi spítalans og hefði ásamt öðru áræði til að vera öflugur talsmaður sjúklinga. Í því skyni ritaði stjórn hjúkrunarráðs bréf til hjúkrunarforstjóra þar sem þetta var áréttað. Allir vita nú að Ingibjörg Pálmadóttir var ráðin til starfans sem átti að vera til reynslu í 6 mánuði. Stjórn hjúkrunarráðs þótti hér hafa vel tekist til um val fulltrúans. Samkvæmt fundargerð stjórnarnefndar frá 24. september sl. er ljóst að hún hefur haft í nógu að snúast þar sem nú þegar hafa um 90 sjúklingar leitað atbeina hennar ásamt því að sjúklingafélög hafa haft samband við hana svo og starfsmenn. Nokkuð ljóst virðist því vera að full þörf er fyrir fulltrúa sjúklinga.

Með tilkomu fyrirtækja sem selja hjúkrunarþjónustu hefur Landspítalinn í einhverjum mæli keypt af þeim þjónustu hjúkrunarfræðinga, sem hafa þá ráðist tímabundið á ákveðnar deildir þar sem skortur hefur verið viðvarandi eða leyst bráða þörf sem komið hefur upp. Störf þessara hjúkrunarfræðinga hafa ekki verið gagnrýnd, enda þeim skilað með sóma. Brýnt er þó að

hjúkrunarfræðingar sem eru í föstu starfi hjá spítalanum haldi vöku sinni því að hjúkrunarfræðingar sem eru fengnir til starfa með þessum hætti taka e.t.v. eðli málsins samkvæmt ekki eins þátt í framtíðaruppbyggingu og stefnumörkun deilda. Þessi nýja staða kom til umræðu hjá stjórn hjúkrunarráðs þar sem menn báru nokkurn ugg í brjósti varðandi þessa þróun og veltu fyrir sér hversu hátt hlutfall hjúkrunarfræðinga á deild mætti vera utanaðkomandi. En einnig veltu menn fyrir sér hvort nægilega hefði verið gengið eftir því að fá hjúkrunarfræðinga í fast starf t.d. með augýsingum, bættri aðstöðu ofl. Því var ákveðið að skrifa hjúkrunaforstjóra bréf þar sem þessum áhyggjum var lýst og var því svarað af hjúkrunaforstjóra með skýringum. Ljóst er að skortur á hjúkrunarfræðingum í landinu tekur á sig ýmsar myndir og hefur alls konar hliðaráhrif. Ekki er meiningin að standa í vegi fyrir því að sjúklingum sé hjúkrað, en stjórn finnst rétt að halda vöku sinni varðandi þetta og bendir á að farsælast sé að helst af öllu sé unnið að þessu í samráði við fasta starfsmenn deilda svo allir séu sáttir og menn vinni saman af heilindum til að tryggja sjúklingum sem besta þjónustu.

Hjúkrunarráð var beðið um að veita umsögn um tillögur starfshóps sem vann að leiðbeiningum um ákvarðanatöku fyrir Landspítala - háskólasjúkrahús um meðferð við lok lífs. Stjórn leitaði til ýmissa hjúkrunarfræðinga sem eru vanir slíkum vinnureglum í sínum störfum og veittu þeir fúslega aðstoð sína. Stjórn ritaði síðan hjúkrunaforstjóra bréf með umsögn þar sem nokkra athugasemdir voru gerðar og nú á haustmánuðum mun vera ætlunin að gefa út slíkar leiðbeiningar.

Formaður átti þess kost að kynna hjúkrunarráðið fyrir 4. árs nemum sem boðnir voru til kynningar á spítalann. Tel ég þetta vænlegan kost þar sem, eins og áður hefur komið fram, er nauðsynlegt að hjúkrunarfræðingar viti að hjúkrunarráð er til og hvert er hlutverk þess. Þá komu hingað norskir hjúkrunarfræðingar í heimsókn og hittu formaður þá einnig og kynnti þeim ráðið. Fannst þeim þetta merkilegur þáttur í starfsemi spítalans en slíkt ráð þekktu þeir ekki frá sínum vinnustað.

Á vegum hjúkrunarráðs starfa 4 nefndir

Kjörnefnd: Hana skipa sem aðalmenn: Stefanía Snorradóttir, Kristín Þorbergsdóttir og Auður Ketilsdóttir. Samkvæmt starfsreglum hjúkrunarráðs annast kjörnefnd undirbúning og framkvæmd kosninga í stjórn og nefndir ráðsins. Afrakstur vinnu kjörnefndar sjáíð þið hér á eftir  
Stöðunefnd: Í henni eiga sæti: Nanna Friðriksdóttir, Guðrún Jónsdóttir og Rudolf Adolfsson. Stöðunefnd tekur til umfjöllunar að beiðni hjúkrunaforstjóra og/eða sviðsstjóra, starfsumsóknir um stöður hjúkrunardeildarstjóra/yfirljósmóður og klínískra sérfræðinga á hjúkrunarsviði. Byggir hún mat sitt eingöngu á innsendum gögnum og raðar umsækjendum eftir hæfi.

Á síðasta starfsári hefur stöðunefnd afgreitt umsóknir um 2 stöður deildarstjóra, þar sem um aðra stöðuna sóttu 4 einstaklingar en einn um hina. Auk þess hefur nefndin nú til umfjöllunar deildarstjórastöðu og stöðu sérfræðings í hjúkrun hjartasjúklinga sem nýlega var auglýst. Í því sambandi er rétt að lýsa ánægju hjúkrunarráðs yfir því að nú skuli vera farið að auglýsa eftir klínískum sérfræðingum en hjúkrunarráð hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að það verði gert.

Rannsóknarnefnd: Hana skipa nú: Anna Gyða Gunnlaugsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir og Hildur Einarsdóttir. Samkvæmt starfsreglum hjúkrunarráðs á rannsóknarnefnd að fjalla um þær rannsóknir þar sem hjúkrunarfræðingar og annað starfsfólk á hjúkrunarsviði eru þátttakendur. Nefndarmenn hafa undanfarin ár verið áfram um að þessi nefnd

verði lögð niður og stofnuð verði ein nefnd fyrir allan spítalann, sem taki til umfjöllunar rannsóknarbeiðnir aðrar en þær sem falla undir síðanefnd. Sú nefnd hefur þó ekki enn verið stofnuð. En þar sem hluti starfs skrifstofu starfsmannamála er samkvæmt erindisbréfi "að sjá um upplýsingaöflun og úrvinnslu tölfraði um starfsmannamál og viðhorfsmælingar hjá starfsmönnum" hefur rannsóknarbeiðnum sem vörðudu starfsfólk verið beint til hennar. Því voru engir formlegir fundir haldnir í rannsóknarnefnd á starfsárinu og nefndarmenn hafa lagt það til við stjórn að hún verði nú lögð niður. Tillaga þess efnis verður lögð fram hér á fundinum. Fræðslunefnd: Fræðslunefnd hjúkrunarráðs er skipuð: Ingu Valborgu Ólafsdóttur, Rósu Jónsdóttur, Rósu Einarsdóttur, Auðnu Ágústsdóttur og Svövu Þ. Þórðardóttur. Fræðslunefnd og stjórn ákváðu í upphafi starfsársins að taka höndum saman við fræðasvið hjúkrunar og taka upp samstarf í fræðslumálum fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður á spítalanum. Fræðslunefnd hefur haldið 10 fundi á árinu. Sl. vor stóð fræðslunefndin fyrir málþingi um framgangskerfi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á LSH. Málþingið var vel sótt en það sátu um 60-70 manns. Á málþinginu kynnti Lilja Stefánsdóttir aðstoðarhjúkrunarforstjóri framgangskerfið og hjúkrunarfræðingarnir Ardís Henriksdóttir, Vilborg Guðnadóttir og Laura Sch Thorsteinsson héldu erindi. Fræðslunefndin er síðan með í undirbúningi málþing sem halda á þann 30. október um hjúkrun á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Einnig er í undirbúningi hjá fræðslunefnd vinnusmiðja um framgangskerfi hjúkrunarfræðinga en á málþinginu sl. vor kom í ljós að full þörf væri á því. Þar mun Vilborg Guðnadóttir verða leiðbeinandi. Vinnusmiðjan verður þann 6. nóvember og síðan fylgt eftir þann 20. nóvember. Þá er einnig í undirbúningi hjá nefndinni að halda námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður um gerð starfs- og menntunarferilsmöppu. Því námskeiði mun Hrafn Óli Sigurðsson hjúkrunarfræðingur stýra. Síðan stefnir fræðslunefndin á að halda vinnusmiðju í byrjun næsta árs um gerð verkefna á deild.

Að framsögðu má ljóst vera að stjórn hjúkrunarráðs og nefndir þess hafa komið víða við og haft í ýmsu að snúast. Ég sagði í upphafi máls míns að menn eru nú eftir sameiningu farnir að snúa sér að ýmiss konar innra skipulagi og vinnuferlum. Í þessu sambandi langar mig til að minnast á heimsókn Dr. Maritu Titler hjúkrunarfræðings frá IOWA, en hún kom hingað til lands í byrjun september mánaðar í boði hjúkrunarforstjóra og fræðasviðs hjúkrunar. Hún hélt hér m.a. bæði vinnusmiðju og fyrirlestra og fjallaði aðallega um gagnreynda heilbrigðisþjónustu og gerð klínískra leiðbeininga. Fjölmargir hjúkrunafræðingar og ljósmæður áttu þess kost að sitja fræðslu hjá þessari merku konu. Er skemmst frá því að segja að hún blés mörgum andann í brjóst og nú hefur kviknað mikill áhugi meðal hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra að taka upp gagnreynda starfshætti og vinna við gerð klínískra leiðbeininga.

Sameining spítalanna hefur sett mikinn svip á starfsemina síðastliðin ár. Þar hafa margir starfsmenn þurft að leggja sitt af mörkum til þess að hún tækist sem best. Þá hafa menn þurft að vera sveigjanlegir, flytja úr sínum gamla stað, breyta verklagi o.fl. Það hefur tekið á en gott er að hafa í huga söguna: "hver færði ostinn minn" sem eflaust margir hafa lesið hér og fjallar um mýsnar sem gengu alltaf að ostinum vísu þar til einn daginn að hann var ekki á sínum stað. Þá var að duga eða drepast. Þeir sem ekki breyta fyrri háttum og leita að ostinum eða tækifærunum annars staðar daga einfaldlega uppi. Þetta er oft ekki auðvelt, en það er að duga eða drepast. Hraðinn er mikill segja menn og það er mikið rétt. Hraði er annars skilgreindur sem vegalengd á móti tíma. Ef við hugsum um vegalengdina sem ákveðin áfanga sem við ætlum að ná þá erum við sennilega öll sammála um að við setjum okkur í spítalaumhverfinu sífellt hærri markmið, ná lengra, gera betur. Ef við ætlum því að ná tökum á hraðanum verðum við að huga að tímanum.

Okkar markmið verður að nýta hann betur því ekki fáum við endilega meiri tíma til að sinna okkar háleitu markmiðum. Hvernig gerum við það. Við hljótum að nýta tímann best með því að leita sífellt bestu lausna. Bestu lausnirnar eru jafna þær sem eru réttastar. Réttustu lausnanna leitum við svo með því að byggja starf okkar á gagnreyndri þekkingu og því kem ég aftur að því hversu mikilvægt innlegg Dr. Titler var og hversu áriðandi það er fyrir okkur öll að fara að tileinka okkur gagnreynda starfshætti. Við erum enda háskólasjúkrahús, þar á ekki að byggja á hefðum og kennivaldi, heldur þeirri vitneskju sem byggð er á rannsóknum og er talin réttust á hverjum tíma.

Alltaf verðum við að hafa í huga og aldrei gleyma til hvers við erum hér. Sjúklingarnir sem eiga þennan spítala og eru með okkur í vinnu ætlast til þess að við gerum okkar besta, við ætlumst til þess af okkur sjálfum að við gerum okkar besta. Við megum til með að efla samkennd og samvinnu stétta í milli og setja öll sjúklinginn í öndvegi. Það hlýtur að vera efsta krafa okkar allra.

Gyða Baldursdóttir hjúkrunarfræðingur  
formaður hjúkrunarráðs LSH.